

## REGLUR

### um Verðbréfaþing Íslands.

#### I. KAFLI

##### Stofnun og hlutverk.

###### 1. gr.

Samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 36 frá 5. maí 1986 starfrækir Seðlabanki Íslands í samvinnu við verðbréfamiðlara Verðbréfaþing Íslands (hér á eftir nefnt verðbréfaþing eða þing). Heimili og varnarþing þess er í Reykjavík. Seðlabanki Íslands skal veita því og stjórn þess nauðsynlega starfsaðstöðu.

###### 2. gr.

Hlutverk þingsins er m. a. eftirfarandi:

- a) Að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulegt viðskiptakerfi meðal þátttakenda (hér eftir nefndir þingaðilar);
- b) að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðilegar kröfur til þingaðila;
- c) að meta skráningarhæfi verðbréfa;
- d) að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir og
- e) að sjá um að nauðsynlegt eftirlit með verðbréfamarkaðnum sé til staðar í samvinnu við bankaeftirlit Seðlabankans til þess að tryggja að reglur þessar og þær reglur sem stjórnin setur séu haldnar.

#### II. KAFLI

##### Stjórn og fundir þingaðila.

###### 3. gr.

Stjórn þingsins skipa fimm menn. Tveir skulu tilnefndir af Seðlabankanum og skal annar þeirra vera formaður. Þrír skulu kosnir af þingaðilum til eins árs í senn. Jafnmargir varamenn skulu valdir með sama hætti. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.

###### 4. gr.

Stjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og hvenær sem stjórnarmaður æskir þess. Stjórnin skal halda gerðabók. Ákvarðanir sínar skal stjórnin birta á traustan og greinilegan hátt.

###### 5. gr.

Stjórnin getur, þegar hún sér tilefni til, boðað alla þingaðila til fundar. Skylt er henni að boða til slíks fundar ef þriðjungur þingaðila æskir þess. Fundur skal þó haldinn án tilefnis einu sinni á ári, fyrir febrúarlok. Á þeim fundi kjósa þingaðilar aðrir en Seðlabankinn

fulltrúa í stjórn og varastjórn beinni kosningu. Atkvæðamagn hvers þingaðila er í hlutfalli við kaup og sölu hans á skráðum verðbréfum á þinginu næstliðið almanaksár. Einn þingaðili getur þó ekki farið með meira atkvæðamagn fyrir sjálfs sín hönd og annarra en nemur þrjátíu af hundraði.

### III. KAFLI

#### **Þingaðilar.**

##### 6. gr.

Aðilar að þinginu eru þeir verðbréfamiðlarar sem stjórnin hefur samþykkt. Seðlabanki Íslands er þingaðili, en stundar ekki þjónustu sem aðrir þingaðilar veita almenningi aðra en útgáfu og sölu nýrra verðbréfa ríkissjóðs og ríkisstofnana, og keppir ekki við þá um viðskipti.

##### 7. gr.

Umsóknir um aðild skulu sendar stjórninni og skal hún athuga hvort umsækjandi eða starfsmenn hans fullnægi eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hefur leyfi til að stunda verðbréfamiðlun sbr. 4. gr. laga nr. 27 frá 2. maí 1986;
- b) hefur til að bera næga menntun og reynslu í verðbréfavíðskiptum samkvæmt nánari reglum sem stjórnin setur;
- c) setur verðtryggða bankaábyrgð, veð eða aðra tryggingu sem stjórnin metur gilda til tryggingar efndum á skyldum þeim sem honum ber að uppfylla í viðskiptum sínum, eigi lægri en 1 milljón króna, en fjárhæðin breytist í janúar ár hvert í hlutfalli við breytingu sem kann að hafa orðið á lánskjaravísitölu frá gildi hennar í október 1985 sem var 1266, og
- d) hafi undiritað drengskaparyfirlýsingu um að rækja störf sín eftir bestu samvisku og að hlíta reglum þessum sem og reglum sem stjórnin hefur sett.

##### 8. gr.

Nú telur stjórnin að þingaðili hafi hagað sér í starfi sínu á þann hátt að ekki samrýmist hagsmunum viðskiptavina hans né þingsins í heild. Skal hlutaðeigandi þingaðili að boði stjórnarinnar gera henni viðhlítandi grein fyrir máli sínu. Ber þingaðila í því efni að svara og sinna án ástæðulauss dráttar fyrirspurnum og kvaðningum stjórnarinnar. Stjórnin getur veitt einstökum þingaðilum áminningar, en svipta skal hún þingaðila aðild sé um ítrekaðar eða alvarlegar ávirðingar að ræða að hennar mati. Stjórnin leysir þingaðila undan kvöðum þingsins um leið og hann er sviptur aðild.

Fullnægi þingaðili að einhverju eða öllu leyti ekki skilyrðum skv. 7. gr. skal stjórnin svipta hann þingaðild og leysa hann undan kvöðum þingsins.

##### 9. gr.

Stjórn þingsins getur ákveðið fyrir hvert ár í senn árlegt gjald sem þingaðilar greiða til þingsins. Áður en stjórn þingsins nýtir heimild sína samkvæmt þessari grein skal hún setja í reglur þessar ákvæði m.a. um ráðstöfun tekna, bókhald og endurskoðun reikninga þingsins.

### IV. KAFLI

#### **Skráning verðbréfa.**

##### 10. gr.

Stjórnin veitir verðbréfum viðurkenningu sem skráningarhæfum í viðskiptakerfi þingsins, enda berist umsókn um það frá þingaðila.

## 11. gr.

Til að teljast skráningarhæf verða skuldabréf m.a. að uppfylla eftirtalin skilyrði:

- a) Nafnverð heildarútboðs skal eigi vera lægra og einingar eigi færri en svo að útboðið geti talist markaðshæft og
- b) skuldabréfaútboðinu skal fylgja útboðslýsing sem gerð skal í samræmi við sérstakar reglur sem stjórnin setur um útboðslýsingu og form útboðs.

## 12. gr.

Stjórnin setur nánari reglur um hvaða skuldabréf skuli tekin til skráningar og lætur útbúa nauðsynlegar upplýsingar um þau er almenningur hefur aðgang að.

## 13. gr.

Stjórnin setur reglur um skráningu hlutabréfa.

## 14. gr.

Stjórninni er skylt að fella af skrá þau verðbréf, sem að hennar mati uppfylla ekki skilyrði þingsins. Jafnframt er henni heimilt að fella tímabundið niður skráningu ef ástæða þykir til.

## 15. gr.

Stjórn þingsins getur ákveðið fyrir hvert ár í senn árlegt gjald fyrir skráningu hvers flokks verðbréfa á þinginu.

## V. KAFLI

**Viðskiptakerfið.**

## 16. gr.

Þingaðili skal senda öllum öðrum aðilum upplýsingar um magn, verð og tegundir þeirra skráðu bréfa sem hann hefur kaupanda eða seljanda að sbr. þó 20. gr.

## 17. gr.

Stjórnin skal skipuleggja upplýsingamiðlun skv. 16. gr., ákveða tíðni hennar, form upplýsinganna og flutningsmiðil.

## 18. gr.

Þingaðilar gera upp viðskipti beint sín á milli skv. reglum sem stjórnin setur. Þingaðilar bera ábyrgð á viðskiptum sínum með skráð verðbréf.

## 19. gr.

Stjórnin setur reglur um skiptingu sölulauna þegar sala fer í gegnum tvo eða fleiri þingaðila. Þingaðilar skulu gera stjórninni grein fyrir þóknun sem þeir taka fyrir að annast kaup eða sölu skráðra bréfa.

## 20. gr.

Þingaðila er heimilt að eiga viðskipti með skráð verðbréf án þess að hann bjóði þau fram í viðskiptakerfinu, svo fremi sem hann gerir bæði kaupendum og seljendum grein fyrir að svo sé og þeir sætti sig við það.

## 21. gr.

Stjórnin skal skipuleggja söfnun og miðlun upplýsinga með þingaðila um viðskipti með skráð verðbréf.

Seðlabankinn safnar og miðlar upplýsingum um verð og viðskipti með skráð verðbréf.

## VI. KAFLI

**Önnur ákvæði.**

## 22. gr.

Stjórnin skal gera tillögur um eftirlitskerfi, sbr. e-lið 2. gr., sem Seðlabankinn staðfestir. Þessu kerfi er ætlað að standa vörð um góða síðu þingaðilanna og koma í veg fyrir aföll sem skaða kynnu álit þingsins eða valdið gætu viðskiptavinum fjárhagstjóni.

## 23. gr.

Stjórnin skal skera úr um ágreining milli þingaðila að því er varðar framkvæmd reglna þingsins. Einnig skal hún skera úr um ágreining á milli viðskiptavina og þingaðila vegna viðskipta með skráð verðbréf enda hafi ágreiningnum verið vísað til stjórnarinnar af öðrum hvorum aðila.

## 24. gr.

Fundur þingaðila gerir tillögur um breytingar á reglum þessum til Seðlabankans og kynnir þær ráðherra. Um vægi atkvæða gilda ákvæði 5. gr.

## 25. gr.

Reglur þessar eru settar með heimild í 1. mgr. 11. gr. laga nr. 36/1986 að fengnu samþykki ráðherra og öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi felldar núgildandi reglur nr. 268 frá 28. júní 1985 um Verðbréfaþing Íslands.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Reglur þessar skal endurskoða eigi síðar en fyrir árslok 1988 í ljósi fenginnar reynslu. Stefnt skal að því að í stað annars fulltrúa Seðlabankans í stjórninni komi þá annað hvort fulltrúi kosinn af þingaðilum eða utanaðkomandi aðili, valinn vegna sérþekkingar á viðskiptamálum.

Reykjavík, 12. febrúar 1988.

Seðlabanki Íslands.

Jóhannes Nordal.

Geir Hallgrímsson.

Tómas Árnason.

Reglur þessar staðfestast hér með.

*Viðskiptaráðuneytið, 23. febrúar 1988.*

**Jón Sigurðsson.**

Þórhallur Ásgeirsson.